

## Styrkveitingar menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og Tónlistarhópur Reykjavíkur 2010

Áslaug Friðriksdóttir, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar, tilkynnti á Kjarvalsstöðum þann 28. janúar 2010 um styrkveitingar borgarinnar til menningarmála. 177 styrkumsóknir bárust til menningar- og ferðamálaráðs fyrir 1. október 2009 vegna ársins 2010. Samtals var sótt um tæpar 275 milljónir. Undanfarinn áratug hafa jafnframt verið gerðir samstarfssamningar til fleiri ára í senn. Í ljósi fjárhagsástandsins voru þeir hins vegar ekki gerðir nema til eins árs fyrir árið 2009 og ákveðið var að stofna ekki til nýrra langtímasamninga fyrir árið 2010 heldur veita styrki í staðinn. Af 58 samningum í gildi 2009 voru 54 lausir um áramót. Þrátt fyrir hagræðingu var því óvenju mikið til úthlutunar í ár eða 62 m.kr. Menningar- og ferðamálaráð samþykkti að deila þeim til 91 umsækjanda. Ráðið byggir ákvörðun sína á niðurstöðu fagnefndar sem tilnefnd var af Bandalagi íslenskra listamanna.

Tónlistarhópurinn *Stórsveit Reykjavíkur* sem sótti um styrk til tónleikaraðar árið 2010 var valinn *Tónlistarhópur Reykjavíkur 2010* og hlýtur 2. m.kr. styrk. Stórsveitin mun flytja nýja og gamla tónlist með innlendum og erlendum gestum í fremstu röð. Stórsveit Reykjavíkur hefur á undanförnum átján árum haldið á annað hundrað tónleika. Hún hefur lagt sig eftir breiðum stíl tónlistarlega séð; flutt nýja og framsækna íslenska og erlenda tónlist, en einnig leikið vinsæl eldri verk með vinsælustu söngvurum þjóðarinnar. Þannig spanna fáir tónlistarhópar álíka breidd og Stórsveit Reykjavíkur, frá hinu nýjasta og sértækasta til hins alþýðlegasta. Stórsveitin heldur að jafnaði 5-8 tónleika á hverju starfsári. Sveitin hefur gefið út fimm geisladiska. Liðsmenn Stórsveitarinnar eru í fremstu röð jazztónlistarmanna landsins

Hæsta styrkinn 4.500.000 krónur hlaut *Nýlistasafnið* sem er öflugt samtímalistasafn og sinnir framsæknu sýningarhaldi. Safnið stendur nú á tímamótum, er að flytja inn í stærra og ódýrara húsnæði að Skúlagötu 28. Í tilefni af því verða nokkrar athyglisverðar sýningar og sú fyrsta á erindi við skólabörn í borginni: *Barnasviðið – skapandi endurnýtingastöð*.

Næst hæsta styrkinn 2.300.000 krónur hlaut *Möguleikhúsið* sem hefur starfað samfelld frá árinu 1990 og lengi verið eina barnaleikhúsið í höfuðborginni - jafnvel eftir að það missti fast húsnæði sitt við Hlemm. Á döfinni eru nýjar leiksýningar unnar upp úr íslenskum þjóðararfi. Leikhúsið er nauðsynlegur þáttur í barnamenningu borgarinnar.

2.000.000 kr. styrk hlutu Íslenski dansflokkurinn vegna menningarviðburðarins *Keðja Reykjavík, Leikhópurinn Vesturport, Caput- hópurinn, Kammersveit Reykjavíkur, Nýsköpunarsjóður tónlistar – Musica Nova* og *Listasafn Sigurjóns Ólafssonar*.

Þá hlaut *Jazzhátíð í Reykjavík* 1.9 m. kr., *Hönnunarmiðstöð Íslands* 1.6. m. kr., *Lókal leiklistarhátíð* 1.5. m. kr., *Reykjavík Dance Festival* 1.3 m. kr. og *Kling og Bang gallerí* 1.2 m. kr.

1 m.kr. : *Íslensk tónverkamiðstöð* og *Kirkjulistahátíð*  
900 þús. kr.: *Áhugaleikhús atvinnumanna, Ísafold kammersveit, Lab Loki, Food&Fun, Sequences myndlistarhátíð*.

800 þús. kr.: *Gallerí Ágúst, Schola Cantorum, Stoppleikhópurinn*.

750 þús. kr.: *Landsamband blandaðra kóra.*

600 þús. kr.: *Blúshátíð í Reykjavík .*

500 þús. kr.: *Draumasmíðjan Döff leikhús, Félag kvikmyndagerðarmanna: Heimilda- og stuttmyndahátíðin Shorts&Docs, Hið íslenska bókmenntafélag, i8 Gallerí, Íslensk grafík, Kammerkórinn Carmina, Kvikmyndafélag Íslands, Linda Björk Árnadóttir, List án landamæra, Margrét Sara Guðjónsdóttir, Samband ungra sviðslistamanna: ArtFart, Sigríður Sigurjónsdóttir, Tangófélagið, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar.*

450 þús. kr.: *Lúðrasveit Reykjavíkur, Lúðrasveit verkalýðsins, Lúðrasveitin Svanur.*

400 þús. kr. : *Camerarctica, Elektra Ensemble, Fimbulvetur, Hugleikur, IBBY á Íslandi, Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan, Kammermúsikklúburinn, Kviss búmm bang, Leikminjasafn Íslands, Listasafn ASÍ, Listvinafélag Hallgrímskirkju, Markús Þór Andrésson, Mýrin - félag um barnabókmenntahátíð, Norræna húsið, Nýhil, Salka Guðmundsdóttir – Soðið svið, Samtónn - Íslensku tónlistarverðlaunin, SJS music eða Stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar, Steinunn Ketilsdóttir og Brian Gerke, Tríó Reykjavíkur, Voces Thules.*

350 þús. kr.: *Múlinn Jazzklúbbur.*

300 þús. kr.: *Anna S. Þorvaldsdóttir, Eva Rún Snorradóttir, FPG ehf., Halaleikhópurinn, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Listafélag Langholtskirkju, Pars Pro Toto, Stuttmyndahátíðin Ljósvalaljóð, Sögusvuntan, 15:15 tónleikasyrpan í Norræna húsinu.*

250 þús. kr.: *Eyrað - Jón Ólafsson, Óperarctic félagið, RB ehf, SLÁTUR Tónlistarhátíð, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins.*

200 þús. kr.: *Alexander Zaklynsky - Lost horse studio, Auður Hafsteinsdóttir, Blásaraoktettinn Hnúkaþeyr, Félag íslenskra tónlistarmanna, Foreldrafélag Drengjakórs Reykjavíkur, Hallfríður Ólafsdóttir, Kammerhópurinn Adapter, Katrín Elvarsdóttir, Kynningarmiðstöð ísl. myndlistar, SLÁTUR Nýjársónleikar.*

100 þús. kr.: *Leikfélagið Snúður og Snælda*

Að auki var veitt af fjárveitingu menningar- og ferðamálaráðs fyrir árið 2009 vegna starfsemi í janúar 2010: *Tónskáldafélag Íslands* vegna Myrkra músíkdaga kr. 1.200.000 og *Mozarthópurinn* vegna tónleikahalds kr. 400.000.

Menningar- og ferðamálaráð skipa: Áslaug Friðriksdóttir formaður , Sif Sigfúsdóttir, Jakob Hrafnsson, Brynjar Fransson, Guðrún Erla Geirsdóttir (Gerla), Dofri Hermannsson og Hermann Valsson.

Ráðgefandi faghóp um styrkina skipuðu Sigrún Valbergdóttir formaður, Eirún Sigurðardóttir, Pétur Jónasson, Stefán Hilmarsson og Sveinbjörg Þórhallsdóttir.